

með minna en 900 hestafla vjel, þó aðeins til eins árs í senn. Beiðni um slík skírteini skulu fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

14
15. júní

Þá er ráðuneytinu og heimilt, meðan svo er sem til er skilið í byrjun 1. málsgr., að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. og 11. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 bestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hand
skrá

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

veðurstofu á Íslandi.

Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá

15
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmærski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Veðurfræðistöð skal stofnuð og starfrækt á landi hjer. Skal hún nefnd veðurstofa Íslands og standa undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Starfssvið veðurstofunnar skal vera sem hjer segir:

a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægi-

- 15** lega margar veðurstöðvar úti um land, sem standa undir umsjón og eftirliti
15. júní veðurstofunnar.
- b. Að vinna úr veðurskýrslum frá veðurstöðvunum og gefa út veðurfars-
skýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnu-
vegum landsins.
 - c. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, og senda út
fregnir um veðurútlit. Skal einkum lögð stund á að vara við stormhættu
á landi og á miðum úti og segja fyrir úrkomu að sumrinu.
 - d. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa,
þegar ástæða er til. Sama gildir og þegar eldgös og öskufall ber að höndum.
 - e. Að standa, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta
alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hjer með
er talin umsjón með þeim veðurfregnum, sem sendar eru til annara landa.

3. gr.

Skýlt er veðurstofunni að hafa eftirlit með landskjálfta- og segulmagns-
mælingum (áttaskekkjum), þegar þess er krafist af ríkisstjórninni og nauð-
synleg fjárveiting er fyrir hendi.

4. gr.

Veðurfregnir, sem veðurstofan gefur út, skulu sendar með síma eða loft-
skeytum, svo fljótt sem föng eru á, og tafarlaust birtar á símastöðvunum. Setur
atvinnumálaráðherra nánari reglur um, hvornig sendingu þeirra og birtingu
skuli hagað; hann ákveður og gjald það, sem veðurstofan greiðir landssíman-
um fyrir veðurskeytin.

Sjerstakar fregnir frá veðurstofunni um stormhættu, hafísa og öskufall
skulu ganga fyrir öðrum skeytum, að svo miklu leyti sem alþjóðareglur heimila.

5. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir veðurfræðingar, forstjóri og fulltrúi.
Skulu báðir færir um að annast veðurspár, enda hafa nægilega þekking í þeim
fræðigreinum, sem lúta að veðurfræði, þ. e. eðlisfræði, stærðfræði og jarðeðlis-
fræði, svo og landskjálfta- og segulmagnsmælingum. Engan má skipa veður-
fræðing fyr en hann hefir verið eitt ár í stöðinni til reynslu. Ekki má hann
gegna stöðunni lengur en tvö ár án þess að hafa fengið veiting fyrir henni.

Atvinnumálaráðherra veitir þessi embætti.

6. gr.

Forstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir
3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 6000 kr.

Auk þess hefir forstjóri ókeypís íbúð í byggingu veðurstofunnar, sbr. 7.
gr., enda hafi hann eftirlit með áhöldum hennar.

Byrjunarlaun fulltrúa skulu vera 4000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 5000 kr. **15**
15 júní

Forstjóri og fulltrúi njóta báðir samskonar uppbótar á launum sínum og embattismenn landsins fá samkvæmt launalögum.

7. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa skal reist sjerstök bygging fyrir veðurstofuna, á stað, sem er hentugur fyrir störf þau, sem hún hefir með höndum eða kunna að verða henni falin.

8. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1926.

Á kvæði um stundarsakir.

Verði núverandi forstöðumaður veðurathugana forstjóri veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans þegar vera 6000 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Verði Jón Eypórsson veðurfræðingur skipaður fulltrúi í veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans vera 5500 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.